

**Nd.**

**563. Breytingartillögur**

[160. mál]

við frv. til laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Sverri Hermannssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Ný grein komi, er verði 5. gr. og orðist svo:  
Oliustyrkir skulu enn fremur greiddir þessum aðilum:
  1. Þeim sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis.
  2. Skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum fyrir aldraða og unga.
  3. Þeim sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva.
  4. Hitaveitum, sem nota olíu sem orkugjafa, og rafveitum, sem nota olíu til framleiðslu rafmagns og upphitunar húsa.  
Í reglugerð skal kveða á um með hverjum hætti skal ákveða upphæð styrkja samkvæmt þessari grein. Skal þá miða við að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem mest að sama hundraðshluta og nemur meðalniðurgreiðslum samkvæmt 4. gr.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:  
Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.